

Pá en trollsländas vingar

Höfundur texta: Ann-Christin Waller (Álandseyjum) Höfundur mynda: Anni Wikberg (Álandseyjum) Álands tidningstryckeri AB:s förlag (2018). Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2019.

Söguþráður: Í þessari ævintýrabók kynnumst við fimm systkinum úr Reynidal á Álandseyjum. Júlía, Óskar, Eiríkur, Alma og Soffía eiga heima í húsi með foreldrum sínum. Börnin lenda í ýmsum ævintýrum og hver saga sem er sögð fjallar um að sigrast á hræðslu og fylgja draumum sínum.

Efnisorð: ævintýri, óskadraumar, vangaveltur um tilveruna, hræðsla, hugrekki, lífið, dauðinn

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið kápu­mynd bókarinnar og myndirnar inni í bókinni með barninu. Hafið þið séð alvöru drekaflugu? Hvert væri hægt að fljúga með drekaflugu? Búið til stuttar sögur út frá myndunum.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skapandi leikfimitími (út frá ævintýri Júlíu) Farið í skapandi leikfimitíma með hópnum og ferðist til Ævintýralandsins. Ferðist gegnum Eilífa þrumuveðrið og látið heyrast í ykkur eins og þrumum með því að stappa fótum. Reynið að komast yfir Mánafjallið, klífrið og stökkvið áfram. Finnið ykkar eigin Gullrós, reynið að komast upp á hana, lærið að stýra henni og fljúgið áfram. Lendið á Glóandi gullengi þar sem þið slakið á í smástund. Notið hljóð og hreyfingar. Spyrjið börnin meðan á ferðinni stendur hverju þau muni eftir úr ævintýri Júlíu. Þegar því er lokið væri hægt að teikna Ævintýralandið.

2. Hver felur sig bak við regnbogann og skýjaföndur (út frá ævintýri Ölmu, Soffíu og Júlíu) Teljið upp mismunandi veður og veltið fyrir ykkur hver leynist í þeim. Búið til fljúgandi ský: teiknið ský á pappa, klippið þau út, litið og skreytið og límið mynd barnsins á skýið. Festið á prik svo hægt sé að nota skýið í brúðuleikhúsi. Ferðist með skýinu á mismunandi staði og búið til ferðasögu. Skýið getur rekist á alls konar veður og hvað gerist þá?




ISBN 978-952-7486-46-7

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Könnun á lífi í nær­umhverfinu (út frá ævintýri Óskars) Í ævintýri Óskars veltir hann því fyrir sér hvað sé lifandi og hvað ekki. Ræðið hvernig við vitum hvort eitthvað er lifandi. Gangið um nær­umhverfinu og reynið að finna eitthvað sem er lifandi. Takið endilega með ykkur myndavél og takið myndir. Ræðið hvernig er með vatnið úr krananum, eitthvað sem skríður við vegkantinn og eitthvað sem rennur áfram úti á götu. Búið til litla myndasýningu með öllu sem þið funduð!

2. Lygarabekkurinn (út frá ævintýri Eiríks) Í ævintýri Eiríks er Lygarabekkur þar sem Eiríkur situr kvöldið sem hann hittir sjávarguðinn Póseidon. Lygarabekkur er hann kallaður vegna þess hvað það er auðvelt að finna upp á sögum þar. Ímyndið ykkur að þið sitjið á Lygarabekk á hlýju sumarkvöldi og búið til alveg frábæra sögu. Sagan gæti fjallað um að fylgja draumum sínum og sigrast á hræðslu. Hugsið um eitthvað sem virðist ófært og hvernig væri hægt að sigrast á því. Segið frá, tvö og tvö, eða skrifið niður!



BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Gullpenni fullur af ljóðum (út frá ævintýri Júlíu)
Yrkið ljóð um gimsteina Gullpennans. Ákveðið hvaða steina pennans ljóðið á að fjalla um: a) rúbín, rauðan eins og ást og hláturinn í hjarta þínu, b) perlu, sorgmædda eins og tár, c) safír, bláan eins og þrír þínar eða d) smaragð, grænan eins og von þína. Notið gimsteininn, litalýsinguna eða hvort tveggja í ljóðið. Málið bakgrunn ljóðsins í sama lit og þið völduð.

2. Draumakort drekaflugunnar (öll ævintýrin)
Byrjið á því að skoða kápumynd bókarinnar og veljið fyrir ykkur hvað er að gerast þar? Hvar eru systkinin stödd? Hvernig tilfinningar stafa af bókarkápunni? Hvers vegna heitir bókin Á vængjum drekaflugu? Málið kort með öllum stöðum sem systkinin heimsækja í bókinni. Lýsið stöðunum með öllum skynfærum.

3. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg.

MÁLAMOLI

"Einu sinni var..."

svenska	danska	norska	isländska	färöiska	grönländska	finska	nordsamiska
Det var en gång...			Einu sinni var...			Olipa kerran...	
	Der var en gang...			Tað var einaferð...			De lei oktii...
		Det var en gang...			ilaannigooq...		

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)